

Nd.

10. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 2. nóvember 1914, um heimild fyrir landsstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs skipaveðlán h.f. Eimskipafjelags Íslands.

Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson, Jón Magnússon og Sveinn Ólafsson.

Greinin orðist svo:

Landsstjórninni veitist heimild til þess að ábyrgjast greiðslu á $\frac{1}{4}$ hluta veðláns að upphæð alt að 500,000 krónur, sem h.f. Eimskipafjelag Íslands tekur í erlendum eða innlendum banka eða bönkum, með fyrsta veðrjetti í tveim skipum, sem landsstjórnin og bankinn eða bankarnir taka gild sem veð. Lánið endurborgist á eigi lengri tíma en 12 árum, með jöfnum árlegum afborgunum.

Astæður fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 40,
2. nóvember 1914.

Um leið og fjelagið fjeck skipin »Gullfoss« og »Goðafoss«, tók það hjer um bil 600,000 króna skipaveðlán með 1. veðrjetti, samveði i báðum skipunum, hjá Nederlandsche Scheeps-Hypotheebank i Rotterdam. Samkvæmt heimild laga nr. 40, 2. nóvember 1914, tók landsstjórnin á sig ábyrgð á $\frac{1}{4}$ hluta lánsins eins og það er á hverjum tíma. Í veðskuldabreyfínu er lánveitanda áskilinn rjettur til þess að krefjast greiðslu á öllu láninu, ef annað skipanna ferst. Nú hefir »Goðafoss« farist eins og kunnugt er. Hefir fjelagsstjórnin ákveðið að fá annað skip i skarðið nú þegar, ef fáanlegt er. Enn þá er ókunnugt um það, hvort lánveitandi notar heimild sína til þess að krefjast greiðslu á láninu að nokkru eða öllu, og sú vitneskja er ófáanleg að svo stöddu. Jafnframt því að taka ákvörðun um kaup á nýju skipi, hefir stjórn Eimskipafjelsins því snúið sjer til bankanna hjer, Landsbankans og Íslandsbanka, með tilmælum um, að þeir tækju að sjer hollenska lánið gegn 1. veðrjetti i Gullfossi og skipi því, sem væntanlega verður keypt, ef á þarf að halda vegna uppsagnar hollenska bankans á láninu. Hafa þeir heitið því. En jafnframt áskilja þeir sjer að fá sömu ábyrgð landssjóðs fyrir $\frac{1}{4}$ hluta lánsins, sem hollenski bankinn nú hefir. Samkvæmt orðalagi laganna mun landsstjórninni ekki heimilt að taka ábyrgð á láni þessu, ef það flytst til bankanna hjer. Því er farið fram á breytingu þessa á lögunum.